

# Ársskýrsla Fríðuhúss fyrir árið 2013

## Starfsemin

Unnið hefur verið eftir markmiðum dagþjálfunar Fríðuhúss og lögð sérstök áhersla á að taka mið af getu hvers og eins þannig að einstaklingurinn fái að njóta sín og finni fyrir öryggi og vellíðan. Skjólstaðingar og aðstandendur hafa almennt verið mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeim hefur verið veitt hér.

## Starfsmenn

Í sumar hættu tveir starfsmenn og þrír nýjir voru ráðnir í staðinn (samanlagt í sömu vinnuprósentu og þeir sem hættu). Annar sjúkraliðinn sagði upp og var ráðinn þroskaþjálfari í hennar stað.

Hér vinnur nú í árslok 1. hjúkrunarfræðingur í 100% vinnu (1 stöðugildi) sem sinnir bæði forstöðumanna- og hjúkrunafræðingsstarfinu. 1 sjúkraliði í 100% starfi (1,0 stöðugildi), 1 þroskaþjálfari í 90% starfi (0,9 stöðugildi) og þrír ófaglærðir starfsmenn í samanlagt í 2,2 stöðugildum. Samanlagt gera þetta 5,1 stöðugildi og er það óbreytt frá fyrri árum.

Veikindadagar starfsfólks samanlagt yfir árið 2013 voru 41 dagar og 1 fjarvistadagur var vegna veikinda barna.

Allt starfsfólkið fór á fræðslu á vegum heilabilunareiningar á LSH og hafa starfsmenn síðan sótt stök námskeið og fyrirlestra eftir áhugasviði hvers og eins.

Í haust fór starfsfólkið í starfs – og skemmtiferð til Akureyrar þar sem skoðað var nýja hjúkrunarheimilið Lögmannshlíð. Einnig fékk hópurinn góða kynningu á dagþjálfuninni í Hlíð. Þessi ferð heppnaðist mjög vel og urðu starfsmenn margs vísari. Ferðin var farin með starfsfólki Maríuhúss og Drafnarhúss.

Forstöðumaður fór á rástefnuna Alzheimer Europe sem haldin var á Möltu í október.

## Læknisþjónusta

Læknisþjónustu fyrir skjólstaðinganna hefur verið sinnt frá Landakoti og hefur Björn Einarsson, öldrunarlæknir séð um hana en Jón Snædal leyst hann af í fríum.

## Akstursþjónusta

Ferðaþjónusta Þórunnar hefur séð um akstur skjólstaðinga til okkar. Flestir nýta sér þessa þjónustu en þó keyra sumir aðstandendur sína hingað og einn kemur fótgangandi.

## Nemar

Þrír hjúkrunarfræðinemar af þriðja ári í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands komu hingað í verknám á vorönn. Einnig komu 10 nemar (í tveimur hópum) af félagssliðabraut frá Borgarholtsskóla í kynningu. Töluvert hefur einnig verið um heimsóknir fagfólks frá hinum ýmsu stöðum til að kynna sér starfsemina hér.

## Ýmsar tölulegar upplýsingar um starfsemina

Á árinu 2013 hafa 29 einstaklingar nýtt sér þjónustuna hér í Fríðuhúsi, 11 karlmenn og 18 konur. Meðalaldur karlmanna var 75 ár (yngsti 58 ára og elsti 90 ára). Meðalaldur kvennana var 80 ár (yngsta 69 ára og elsta 93 ára). 18 bjuggu með maka, 9 einir og einn bjó með syni.

Tólf einstaklingar innrituðust á árinu og meðalbiðtími þeirra eftir plássi hér var 8,8 mánuðir. Sá skjólstæðingur sem beið lengst eftir plássi var 663 daga á listanum en stýðsti biðtíminn voru 16 dagar. Ein þeirra sem innritaðist fann sig ekki og hætti nánast strax. Í lok árs 2013 voru 18 einstaklingar innskrifaðir, 5 karlmenn og 13 konur. Af þeim eru 12 alla daga vikunnar, tveir einstaklingar fjóra daga, tveir einstaklingar í þrjá daga, einn einstaklingur er 2 daga í viku og 1 einstaklingur kemur einn dag í viku.

Meðaldvalartími á dag hjá þessum 18 einstaklingum sem eru innritaðir í lok árs er 6,7 klst.

Af þessum 18 einstaklingum sem eru innskrifaðir í lok árs 2013 hefur einn verið síðan 2007, einn síðan 2009, tveir síðan 2010, einn síðan 2011, tveir síðan 2012 og 11 einstaklingar innrituðust 2013.

Í skammtímainnlagnir fóru 12 einstaklingar og sumir oftast en einu sinni, alls 21 innlögn í samtals 406 daga.

Af þeim 29 einstaklingum sem voru hér á árinu fengu 22 þeirra aðstoð frá heimaþjónustunni. Nokkrir oft á dag og aðrir einu sinni. Sumir fá aðstoð við að koma sér af stað á morgnanna, aðrir við eftirlit eftir að heim er komið og töluvert margir fá aðstoð við þrif.

Gerðar voru 9 umsóknir um færnis- og heilsumat (FHM) á árinu. Átta þeirra voru samþykktar og einni hafnað. Meðal biðtími eftir plássi á hjúkrunarheimili eftir að samþykkt á FHM lá fyrir var 3 mánuðir en það er nákvæmlega sá tími sem miðað er við að einstaklingar þurfi að bíða eftir plássi. Sá sem þurfti að bíða lengst beið í 242 daga en stýðsti biðtíminn var 6 dagar.

Á sjúkrahús lögðust 7 einstaklingar á árinu í samtals 186 daga.

Á árinu útskrifuðust 11 einstaklingar héðan úr Fríðuhúsi. Níu þeirra fóru beint á hjúkrunarheimili en tveir lögðust inn á sjúkrahús og báðir þeirra dóu þar eftir stutta sjúkrahúslegu.

### **Húsnæði**

Dagþjálfunin leigir húsnæðið hér við Austurbrún af FAAS. Eigendur fóru í allsherjar framkvæmdir utanhúss í sumar og var húsið alveg tekið í gegn. Þessum framkvæmdum er að mestu lokið en einhverjir lausir endar eru eftir sem verða kláraðir með vorinu. Í desember var ákveðið að taka líka allt í gegn innan dyra og gekk þetta allt hratt og vel fyrir sig. Það var einungis lokað í einn dag hér í dagþjálfuninni meðan þessar framkvæmdir stóðu allar yfir. Þessar endurbætur tókust mjög vel og starfsfólk og skjólstæðingar ánægðir með endurbætt húsakynni og betri vinnuatstöðu.

### Lokaorð

Síðasta ár var krefjandi ár fyrir forstöðumann, starfsfólk og skjólstæðinga vegna mikilla framkvæmda utan- og innanhúss. En nú er þeim lokið og hægt að beina kröftum að öðru.

Eftir heimsókn okkar norður þá vaknaði líka áhugi á að setja upp upphækkaða gróðrakassa í garðinum en þá geta skjólstæðingarnir sinnt betur og hlúð að blómum án þess að þurfa að bogra mikið.

Það sem mér sem forstöðumanni hefur fundist vanta er að geta sinnt stuðningi og fræðslu til aðstandenda betur og kannski á markvissari hátt.

Árið 2009 var gerð viðhorfskönnun um þá umönnun og þjónustu sem veitt er í Fríðuhúsi. Gagnlegt væri að endurtaka þessa viðhorfskönnun til að fá mat á starfið okkar og hvað það er sem skjólstæðingum og aðstandendum finnst vera ábótavant.

Sjá meðfylgjandi fylgiskjöl:

- Aldursdreifing skjólstæðinga í Fríðuhúsi í lok hvers árs
- Tölulegar upplýsingar úr Fríðuhúsi